

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir mastur í 2. áfanga Skarðshlíðar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 8. desember 2021 afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs frá 30. nóvember 2021 um að auglýsa deiliskipulag fyrir farsímamastur í 2. áfanga Skarðshlíðar. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, Drangsskarð 1.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 24. nóvember 2021 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breytingu deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 1. Breytingin felur í sér að tveggja íbúða húsi er breytt í parhús. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan og breytingin hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. febrúar 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir.